

Þriðjudaginn 16. júní 1992.

Nr. 251/1992. **Ákærvaldið**

gegn

**Gunnlaugi Þór Briem.**

Kærumál. Gæsluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. júní sl., sem barst Hæstarétti 12. sama mánaðar. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úrgildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur og sér verði ekki gert að sæta geðrannsókn.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur. Í úrskurði sakadóms Reykjavíkur, sem vísað er til í hinum kærða úrskurði, er svofelld lýsing málavaxta:

„Um kl. 21.50 síðastliðið þriðjudagskvöld [þ. e. 14. maí 1992] handtók sérsveit lögreglunnar í Reykjavík kærða fyrir utan húsið nr. 24 við Mávahlíð hér í borg, en um kl. 19.00 hafði lögregla verið kvödd að húsinu, þar sem þar væri sjúkrafreið vegna slasaðs manns. Er lögreglumenn komu þangað, voru þar fyrir sjúkraliðsmenn, og maður, sem var blóðugur, vafraði um á götunni. Kváðu sjúkraliðsmennirnir, að skotið hefði verið á þá úr vesturglugga á annarri hæð framangreinds húss. Hinn slasaði, Valur Gautason að nafni, var fluttur á slysadeild til aðgerðar, en hann hafði orðið fyrir skoti í andlitið og hlotið af áverka. Ekki reyndist unnt að yfirheyra kærða um málavexti vegna annarlegs ástands hans fyrr en fyrir hádegi í dag, en kærði hefur nú viðurkennt að hafa skotið framangreindan mann í andlitið með svokallaðri markbyssu. Hafi atburður þessi átt sér stað í stigagangi framangreinds húss. Kveðst kærði hafa verið undir áhrifum fíkniefna, er hann skaut manninn, og má skilja framburð kærða svo, að um slysatilvik hafi verið að ræða...“

Í áverkavottorði háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítala 13. maí sl. segir svo:

„Valur Gautason liggur á Borgarspítalanum eftir skot, sem hann varð fyrir í andlitið í gær. Kúlan hefur farið inn í munninn og hafnað í vinstri kinn, en farið síðan út um eyrað og tætt þar eyrna-brjóskið. Munnslímhúðin er tætt að innan og tyggingarvöðvi, en óvitað er um útfærslugang munnvatnskirtils, sem þarna er, eða ástand kirtilsins sjálfs. Afltaug kinnarinnar hefur að mestu leyti sloppið, en erfitt er að gera sér fullkomlega grein fyrir því, eins og ástandið er í dag. Kinnin er mjög bólgin, en líkamlegt ástand annars gott, og gert hefur verið að sárum hans.“

Með skírskotun til hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 10. júní 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 10. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Gunnlaugi Þór Briem, kt. 271269-3079, Mávahlíð 24, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 í dag, allt til miðvikudags 15. júlí nk. kl. 16.00.

Einnig er þess krafist, að kærða verði á gæsluvarðhaldstímanum gert að sæta sérfræðilegri rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi.

Um málavexti vísast til úrskurðar sakadóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 14. maí sl. Við frekari rannsókn málsins hefur ekkert annað komið fram af hálfu kærða en að um slysaatburð hafi verið að ræða. Brot það, sem kærði er hér grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Með vísan til framanritaðs svo og rannsóknargagna málsins og með skírskotun til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu RLR um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir kærða til greina, eins og hún er fram sett.

Þegar virtur er alvarleiki hins ætlaða brots, þykir með skírskotun til dliðar 2. tl. 2. mgr. 75. gr. sömu laga rétt, að kærði skuli á gæsluvarðhaldstímanum gangast undir sérfræðilega rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi.

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Gunnlaugur Þór Briem, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 í dag, allt til miðvikudags 15. júlí nk. kl. 16.00.

Kærði skal á gæsluvarðhaldstímanum sæta sérfræðilegri rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi.

---